

Reglur um ferðapjónustu fatlaðra

í uppsveitum Árnassýslu

Í uppsveitum Árnassýslu er sameiginleg félagsmálanefnd Grímsnes-og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Bláskógabyggðar.

1. Markmið.

Markmið ferðapjónusta fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tólmstunda.

Við mat á þjónustupörf er haft að leiðarljósi geta og færni umsækjanda.

2. Hlutverk.

Hlutverk ferðapjónustu fatlaðra er að veita fötluðum ferðir til vinnu, skóla, lækninga og endurhæfingar. Fjöldi ferða til annarra erinda er takmarkaður við 12 ferðir á mánuði og heildarfjöldi ferða á mánuði er takmarkaður við 60 ferðir á mánuði. Ferð er skilgreind í reglum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka. Þurfi fatlaður einstaklingur á ferðapjónustu að halda, skal hann eða forsvarsmaður hans sækja um ferðapjónustu til félagsmálastjóra, sem metur þörf hans fyrir þjónustuna.

3. Réttur til þjónustu.

Rétt til ferðapjónustu eiga þeir íbúar uppsveita Árnassýslu, sem eru bundnir í hjólastól, eru blindir eða eru af öðrum orsökum ófærir um að nýta sér almenningsfarartæki eða almennar samgöngur vegna annarar fötlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita 67 ára og eldri ferðapjónustu þrátt fyrir að ekki liggi fyrir skyldur sveitarfélaga til slíkrar þjónustu samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

1) Hafi umsækjandi um ferðapjónustu verið metinn til 75% örorku frá 16 ára aldri hjá Tryggingastofnun ríkisins skal hann að uppfylltum skilyrðum 1. gr. fá þjónustu skv. 2. gr. þessara reglna.

2) Aðrir geta fengið ferðapjónustu í sjúkrahjálfun eða vegna reglubundnar meðferðar á sjúkrahúsi, en við það skal miðað að heildarfjöldi ferða verði ekki fleiri en 36 á ári.

4. Stjórn og yfirumsjón.

Félagsmálanefnd fer með stjórn ferðapjónustu fatlaðra á vegum sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu. Félagsmálastjóri hefur umsjón með ferðapjónustu fatlaðra, hefur faglega ábyrgð á þjónustunni og metur þjónustupörf.

5. Umsókn.

Umsókn um ferðapjónustu fatlaðra skal vera skrifleg. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda, óskir um ferðafjölda og í hvaða tilgangi þær eru farnar. Þá skulu koma fram upplýsingar um fötlun umsækjanda og hvort hann hafi umráð yfir bifreið. Þá skal umsækjandi leggja fram staðfestingu sérfræðings um þörf á ferðapjónustu, fjölda ferða og tímalengd hjálfunar eða endurhæfingar þar sem það á við.

Umsókn um ferðapjónustu sendist til félagsmálastjóra, Heilsugæslunni, Laugarási.

Farþegum er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann. Einnig getur ferðapjónustan krafist fylgdarmanns með farþega, telji hann slíks þörf.

6. Þjónustusvæði og fyrirkomulag þjónustu.

Þjónustusvæði markast af uppsveitum Árnessýslu og sveitarfélaginu Árborg. Farþegar skulu greiða gjald samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Þetta á einnig við um fylgdarmenn. Gjaldið er greitt bílstjóra við upphaf ferðar.

7. Málsmeðferð, málskotsréttur umsækjanda og gildistími reglna.

Ákvörðun um ferðaðþjónustu fatlaðra er tekin af félagsmálanefnd. Úthlutunartímabil ferðaðþjónustu eru þrjú á hverju ári, 1. janúar-31. maí, 1. júní til 31. ágúst og 1. sept. til 31. desember.

8. Synjun.

Umsækjendum sem er synjað um ferðaðþjónustu skal svarað skriflega, þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar. Jafnframt skal umsækjanda bent á málskotsrétt sinn.

9. Áfrýjun.

Telji hinn fatlaði að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðarmanni fatlaðra, sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Skal það gert innan fjögurra vikna frá dagsetningu synjunarbréfs. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður fatlaðra hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð.

Reglur þessar eru settar skv. 35. gr. og 9. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur uppsveita um ferðaðþjónustu fatlaðra samþykktar af félagsmálanefnd 05.11.2001.

| Samþykkt af félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu á fundi hennar 27.03.2007
Samþykkt af sveitarstjórn